

L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema fasteignasköttum og landsútsvari samkv. II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, þó svo, að ákvæðið um landsútsvar komi fyrst til framkvæmda á árinu 1963.

Gjört að Bessastöðum, 21. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna viðbyggingar Landsspítalans.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á árunum 1962 og 1963 4 milljón króna innlent lán hvort árið, og skal láninu varið til framhaldsframkvæmda við nýbyggingu Landsspítalans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 25. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.